AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. fyrir heitt vatn, nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir viðeigandi gjaldskrárliðir hækka um 2%.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. september 2003.

F. h. r.
Kristján Skarphéðinsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002 - 2017, Selbrekka, Egilsstöðum.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Stækkun íbúðarsvæðis í Selbrekku á Egilsstöðum um 3,3 ha og breyttri lögun svæðisins.

Færslu á aðkomu inn á íbúðarsvæði frá Seyðisfjarðarvegi.

Nýrri aðkomu inn á svæðið frá Norðfjarðarvegi.

Breytingu á legu göngustígs frá Seyðisfjarðarvegi í gegnum Selskóg.

Lagningu núverandi raflínu yfir Norðfjarðarveg í jörð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. september 2003.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.